

Fréttabréf foreldrafélagsins 2020

Kæru foreldrar og forráðamenn barna í Brekkubæjarskóla!

Hér kemur örlítil kveðja frá stjórn foreldrafélagsins.

Fyrst af öllu gefum við ykkur, foreldrum og forráðamönnum, rafrænt klapp á bakið fyrir að hafa staðið svona vel að börnunum ykkar á tímum covid. Við vitum að þetta var allt annað en auðvelt og fyrir marga voru aðstæður mjög erfiðar. En allir gerðu sitt besta. Vel gert þið öll! Sömuleiðis viljum við senda innilegt þakklæti til starfsfólks og kennara skólans sem létu þessar undarlegu vikur ganga upp og fundu leiðir til þess að viðhalda námi barnanna okkar. Takk Brekkó!

En að starfi foreldrafélagsins þetta skólaárið! Stærsta mál þessa skólaárs var skólalóðin. Stjórn foreldrafélagsins, fulltrúar foreldra í skólaráði og skólastjórnendur unnu í góðri samvinnu að því að hvetja bæjaryfirvöld til að hefjast handa við endurbætur. Sú barátta skilaði árangri því nú er hafin vinna við hönnun á nýrri skólalóð.

Í Brekkubæjarskóla er aðdáunarvert hve vel er hugað að nemendalýðræði – að rödd nemenda fái að heyrast. Sara Margét Ólafsdóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, var fengin til að leggja fyrir könnun meðal nemenda og starfsfólks varðandi skólalóðina. Þrjár einfaldar spurningar voru lagðar fyrir hópinn; hvað viljum við hafa áfram, hvað viljum við taka burt og hverju viljum við bæta við. Niðurstöðurnar voru þær að nemendur alveg frá 1.bekk upp í 10.bekk voru mjög sammála um hvernig skólalóðin ætti (ekki) að vera og eins var starfsfólk skólans á sama máli og nemendur. Allir vildu aparóluna aftur, hólinn áfram, minna malbik, afgirtan körfuboltavöll og ýmislegt fleira. Athygli vakti að börnin sáu mikið eftir klettunum sem hurfu undir fimleikahúsið.

Í framhaldinu var skipaður stýrihópur sem í sitja m.a. fulltrúar í skólaráði Brekkubæjarskóla, Sara Margét Ólafsdóttir, Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir og Sindri Birgisson. Hópurinn hittist ásamt Ingu Rut Gylfadóttur, arktiekt, á mjög góðum fundi 7.maí sl. þar sem niðurstöður könnunarinnar voru kynntar og spjallað var um framhaldið. Mikil samstaða og áhugi er í hópnum um að nemendur skólans fái fjölbreytt og þroskandi leiksvæði sem uppfyllir allar öryggiskröfur og stuðlar að hreyfingu og samveru, enda búum við í heilsueflandi samfélegi. Næsti fundur stýrihópsins verður núna í byrjun júní og stefnt er að því að ljúka fyrsta áfanga nýrrar og endurbættrar skólalóðar um það leyti sem skóli hefst að nýju í haust. Við í stjórninni munum að sjálfsögðu halda áfram að fylgja málinu fast eftir.

Til fróðleiks má þess geta að í skólaráði sitja ávallt tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar nemenda, grenndarfulltrúi og svo fulltrúar skólastjórnenda, kennara og skólaliða og er reynt að funda einu sinni í mánuði.

Annað sem bar til tíðinda á þessu skólaári var stofnun svæðissamtaka foreldra. Þessi samtök þjóna skólunum á svæðinu, þ.e. Brekkubæjarskóla, Grundaskóla og Heiðarskóla. Samtökin hlutu nafnið AK-HVA foreldrasamtökin. Að stofnun samtakanna komu fulltrúar úr stjórnnum allra þriggja foreldrafélaga með dyggum stuðningi skólastjórnenda, skólayfirvalda og Landssamtaka Heimilis og skóla. Markmið samtakanna er að efla samtal og samstarf á milli foreldra á svæðinu og styðja við starf foreldrafélaga og bekkjarfulltrúa. Samtökin eru með síðu á Facebook og við hvetjum alla til þess að líka við síðuna til að fá helstu fréttir.

Í stjórn foreldrafélagsins sitja nú 6 foreldrar en við erum alltaf til í að fá fleiri með okkur og hvetjum áhugasama til þess að hafa samband. Við munum einnig auglýsa eftir fólki í haust en þá er á döfinni að halda aðalfund.

Að lokum viljum við senda kærar þakkir til þeirra foreldra sem hafa verið í sjálfboðavinnu sem bekkjarfulltrúar þetta skólaárið og láta þá vita að þeirra vinna og framlag til barnanna okkar er mikils metin. Eitt stórt rafrænt lófaklapp fyrir þeim!

Með sumarkveðju,
Stjórn foreldrafélags Brekkubæjarskóla



Erla Ösp Lárusdóttir
formaður
foreldrafélagsins og
áheyrnarfulltrúi
foreldra í skóla- og
frístundaráði



Erna
Valentínusdóttir



Kristín
Kötterheinrich
fulltrúi foreldra í
skólaráði
Brekubæjarskóla



Liv Áse Skarstad



Martha Lind
Róbertsdóttir



Tinna
Steindórsdóttir
fulltrúi foreldra í
skólaráði
Brekubæjarskóla